

31. fundur hverfisnefndar Holta- og Hlíðarhverfis haldinn í Glerárskóla 03.11.2009.

Mættir: Ingvar Þóroddsson, Aldís Einarsdóttir, Berglind Rafnsdóttir, Pálína Jónsdóttir og Brynja Sigurðardóttir.

Fundarefni.

Erindi frá Önnu Bragadóttur verkefnastjóra skipulagsmála, Skipulagsdeild Akureyrarbæjar.

Kynnt var bréf frá Önnu Bragadóttur dags. 28. október 2009.

Efni bréfsins: Breyting á aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018.

„Aðalskipulagsbreytingin gerir ráð fyrir að hafnarkantur í Jötunheimavík er lengdur um 120 m til suðurs og stækkar umferðar- og hjónustusvæði að sama skapi. Landfylling er stækkuð til samræmis. Tillagan verður síðar auglýst samhliða deiliskipulagsbreytingu og gefst þá kostur á að gera við hana athugasemd“

Fékk hverfisnefndin einnig uppdrátt að þessari breytingu á pappír.

Erindi frá verkfræðiskrifstofunni MANNVIT.

Björn Jóhannsson sendi tölvupóst dagsettan 28. október 2009 varðandi framkvæmdir sem eru að fara í gang við byggingu fjölbýlishús við Undirhlíð 3.

Þar býður MANNVIT verkfræðistofa fulltrúum hverfisnefndarinnar að koma á kynningarfund fimmtudaginn 5. nóvember næstkomandi. Ákveðið var að Ingvar, Aldís og Pálína færu fyrir hönd hverfisnefndar.

Bókun á bæjarráðsfundi sem hverfisnefnd var send.

Bæjarráð hefir á fundi sínum 15. október 2009 gert eftirfarandi bókun:

"Önnur mál

2009010001

Oddur Helgi Halldórsson lýsti áhyggjum af að skólabörn nýti sér ekki nægilega undirgöng undir Hörgárbraut

heldur fari ennþá yfir götuna."

Nefndin hefur ákveðið að skoða málið gaumgæfilega þegar framkvæmdum við nýja göngugustúginn meðfram Hörgárbraut er lokið og hann kominn í gagnið.

Vonast nefndarmenn að með honum muni nemendur og aðrir nýta sér undirgöngin mun betur.

Þá bókar nefndin einnig að gönguleið nemenda á leið í skólann eru á ábyrgð foreldra.

Nágrannavaktin-Sjóvá

Ákveðið var að kynna átakið vel á næsta aðalfundi hverfisnefndar sem er á dagskrá eftir næstu áramót. Miðað við þá örfáu Akureyringa er sóttu kynningarfund í Brekkuskóla í október (þar sem einn nefndaraðili var) um þetta málefni þá taldi hverfisnefndin að rétt væri að bíða með kynninguna.

Fjárhagsáætlun Akureyrarbæjar

Haft var samband við hverfisnefndina 4. sept. '08 og hún beðin um að taka saman lista yfir hvaða verklegu framkvæmdir væru nauðsynlegar í hverfinu næsta árið. Var þessi listi hafður til hliðsjónar við vinnslu fjárhagsáætlunar Ak. bæjar. Ekki hefur verið haft samband við hverfisnefndina þetta árið og tók Brynja að sér að hafa samband við Dagnýju vegna þessa.

Næsti fundur verður 7. nóvember klukkan 11:00. Mæting hjá Glerárskóla þar sem hverfisnefnd mun fara að skoða göngu- og hjóltreidastíga í hverfinu.

Fleira var ekki rætt.

Ritað 3. nóvember 2009

Brynja Sig.